

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2005/EES/58/01

frá 5. febrúar 2003

um breytingu á tilskipun ráðsins 95/70/EB um lágmarksráðstafanir Bandalagsins vegna eftirlits með tilteknum sjúkdómum sem herja á samlokur (tvískelja lindýr) (*)

(tilkynnt með númeri C(2003) 432)

(2003/83/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 95/70/EBE frá 22. desember 1995 um lágmarksráðstafanir Bandalagsins vegna eftirlits með tilteknum sjúkdómum sem herja á samlokur (tvískelja lindýr) ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/293 /EB ⁽²⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 95/70/EB eru tilgreindir alvarlegir lindýrasjúkdómar sem tiltekin ákvæði um vöktun og eftirlit með sjúkdómum, eins og kveðið er á um í þeirri tilskipun, gilda um.
- 2) Til að taka tillit til þróunar sjúkdómsástandsins í Bandalaginu og í þriðju löndum, sem og visindabekkingar og fenginnar reynslu á síðustu árum, ber að uppfæra listann yfir lindýrasjúkdóma, sjúkdómsvalda og smitnæmar tegundir í viðauka D við tilskipun 95/70/EB.
- 3) Gefa skal sjúkdómum, sem gætu valdið lindýrastofninum alvarlegum skaða ef þeir bærust eða breiddust út í Bandalaginu, sérstakan gaum, svo sem þeim sem eru tilkynningarskyldir til Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar (International Office of Epizooties (OIE)) og þeim sem eru sjaldgæfir eða framandi í Bandalaginu.
- 4) Tegundirnar sem tilgreindar eru sem smitnæmar fyrir sjúkdómum og sjúkdómsvöldum, sem um ræðir, skulu a.m.k. vera þær sem mælt er fyrir um í nýjustu útgáfu Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar af alþjóðadýraheilbrigðisreglum fyrir lagardýr.

5) Veita skal nægan tíma til að fullnægja þessum nýju kröfum.

6) Breyta ber tilskipun 95/70/EB til samræmis við þetta.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðauka D við tilskipun 95/70/EB komi viðaukinn við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessi gildir frá 8. apríl 2003.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 32, 7.2.2003, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegra EES-nefndarinnar nr. 139/2003 frá 7. nóvember 2003 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 7, 12.2.2004, bls. 6.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 332, 30.12.1995, bls. 33.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 100, 11.4.2001, bls. 30.

VIDAUKI
„VIDAUKI D

| Sjúkdómur | Sjúkdómsvaldur | Smitnæmar tegundir |
|---------------------------|---|--|
| Bónamíósis | <i>Bonamia exitiosus</i> | <i>Tiostrea chilensis</i> og <i>Ostrea angasi</i> |
| | <i>Mikrocytos roughleyi</i> | <i>Saccostrea (Crassostrea) commercialis</i> |
| Marteilíósis | <i>Marteilia sydneyi</i> | <i>Saccostrea (Crassostrea) commercialis</i> |
| Dvergekornadreyri | <i>Mikrocytos mackini</i> | <i>Crassostrea gigas</i> ; <i>C. virginica</i> ; <i>Ostrea edulis</i> ; <i>O. conchaphila</i> |
| Perkinsósis | <i>Perkinsus marinus</i> | <i>Crassostrea virginica</i> og <i>C. gigas</i> |
| | <i>Perkinsus olseni/atlanticus</i> | <i>Haliotis ruber</i> ; <i>H. cyclobates</i> ; <i>H. scalaris</i> ; <i>H. laevigata</i> ; <i>Ruditapes philippinarum</i> og <i>R. decussates</i> |
| MSX-sjúkdómur | <i>Haplosporidium nelsoni</i> | <i>Crassostrea virginica</i> og <i>C. gigas</i> |
| SSO-sjúkdómur | <i>Haplosporidium costale</i> | <i>Crassostrea virginica</i> |
| Hrömunarheilkenni sæeyrum | í <i>Candidatus Xenohaliotis californiensis</i> | Dýr af ættkvíslinni <i>Haliotis</i> , þ.m.t. svart sæeyru (<i>H. cracherodii</i>), rauð sæeyru (<i>H. rufescens</i>), bleik sæeyru (<i>H. corrugata</i>), græn sæeyru (<i>H. fulgens</i>) og hvít sæeyru (<i>H. sorenseni</i>) |

Aths.: Til smitnæmra tegunda teljast einnig aðrar tegundir sem eru tilgreindar fyrir sjúkdómsvaldinn sem um ræðir í nýjustu útgáfu Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar af alþjóðaheilbrigðisreglum fyrir lagardýr.“